

# FRÉTTA BRÉF

## Dansgarðsins



### YFIRLIT

- Vorönnin
- Commune Sense
- Fréttir af Forward
- Fréttir af nemendum
- Viðtal við Birnu
- Hvað er á döfinni
- Minnum á...

VORÖNNIN

**VORÖNNIN**  
var mjög viðburðarík  
í Dansgarðinum



Barnmenningarhátíð



Dance World Cup

Solo keppnin



Avatar



Vorsýning

Paquita



Mall



## COMMUNE SENSE

Dansgarðurinn var boðið að taka þátt í evrópska verkefninu Commune sense. Fimm dansarar úr Klassíska listdansskólanum taka þátt í þessu verkefni ásamt þrettán menntaskólanemum frá Varsjá. Samstarfsaðilar okkar eru frá Póllandi og Frakklandi og eru mennta- og listastofnarnir. Helstu verkefni í Commune sense er að skapa dansverk saman sem verður sýnt næsta sumar í Varsjá. Eydís Rose Vilmundardóttir, samtímadanskennari hjá okkur vinnur með hópnum ásamt fleiri listamönnum frá samstarfsstofnunum okkar. Í Commune sense munum við einnig búa til fræðsluefni fyrir ungt fólk um hvernig er hægt að nýta dans til að efla sjálfstraust, öryggi og frammstöðuhæfileika. Fyrsta heimsókn hópsins til Íslands var núna í byrjun júní og var mjög gaman að hitta loksins alla.




## FRÉTTIR AF FORWARD

Þetta er búið að vera annasöm önn hjá Forward þar sem við tókum þátt í Ljóðadögum Kópavogs með verkið The Mall eftir Sögu sem var sýnt í Smáralindinni, frumsýndum fyrsta verk Klassíska Forward hópsins ásamt verkinu Avatar eftir Siggju Soffíu í Tjarnarbíói. Við enduðum þessi önn með glæðibrag en hópnum var boðið að sjá um yfirtöku klúbbsins í Iðnó á Listahátíð í Reykjavík! Í tengslum við vinnu okkar með Sylvain Huc var okkur boðið í hádegisverð í sendiherrabústað franska sendiherrans. Síðast en ekki síst fengum við tilnefningu til Grímunnar fyrir Sprota ársins. Við erum að springja úr stolti!




## FRÉTTIR AF NEMENDUM

Á vorin kveðjum við alltaf einhverja nemendur sem eru á leiðinni að taka næstu skrefin í dansheiminum.



### EMBLA LÍF

sem útskrifaðist af framhaldsbraut KLS og hefur verið að dansa með FWD klassík í vetur er á leiðinni að dansa í Tivoli ballettskólanum í Kaupmannahöfn.




### MARÍA KRISTÍN

sem útskrifaðist af framhaldsbraut KLS í desember ásamt því að dansa með FWD er á leiðinni í Listaháskóla Íslands á dansbraut.




### RAGNHEIÐUR

sem hefur dansað með FWD í vetur ásamt því að kenna í Óskandi er á leiðinni til New York í Joffery Ballet School.



### EYDÍS

sem hefur dansað með FWD í vetur er á leiðinni til Danmerkur í International dance academy.



### INGIBJÖRG

sem hefur dansað með FWD í vetur er á leiðinni í New York University í Tisch school of the arts á dansbraut.



### SALÓME SÓL

sem útskrifast af framhaldsbraut KLS í júní er á leiðinni í Listaháskóla Íslands á dansbraut.



### TORFI

sem byrjaði á framhaldsbraut í haust er á leiðinni í Listaháskóla Íslands á dansbraut.

VIÐ ÓSKUM ÆM ÖLLUM GÓÐSGENGIS OG HLÖKKUM TIL AÐ FYLGJAST MEÐ ÆM Í FRAMTÍÐINI Í DANSINUM.

## VIÐTALIÐ

### NAFN

Birna Karlsdóttir

### HVENÆR BYRJAÐIR ÞÚ AÐ DANSA Í DANSGARÐINUM?

Ég byrjaði á framhaldsbrautinni í Klassíska listdanskólanum árið 2015 og fékk boð seinna um að vera í verki hjá Forward Youth Company árið 2018 og var þar til ég útskrifaðist úr skólanum.

### HVAÐ VAR SKEMMTILEGAST?

Mér fannst skemmtilegast að sýna afrakstur þess sem við unnum að af krafti í margar vikur á sviði eða í öðrum rýmum. Ég var líka mikið fyrir að skapa sjálf og vinna hugmyndavinnu í danssmíðitímum.

### HVAÐ VAR ERFIÐAST?

Það var mest krefjandi að æfa fyrir sýningar en líka mjög lærdómsríkt og gaman.

### HVAÐ VAR EFTIRMINNILEGAST?

Sennilega var eftirminnanlegasti tíminn minn á síðasta árinu mínu þegar ég vann hart að því að verða betri með hverjum deginum og var farin að hugsa um framhaldið. Ég gerði einnig mitt fyrsta dansvídeó sem vakti í mér áhugann á að gera meira af því.

### HVERNIG UNDIRBJÓ DANSGARÐURINN ÞIG FYRIR HÁSKÓLANÁM Í DANSI?

Dansgarðurinn undirbjó mig alveg helling fyrir háskólanámið mitt og þá finn ég það bæði í tækninni og þá aðallega í skapandi vinnu og sem danshöfundur. Kennarar hjá Dansgarðinum voru mjög duglegir að hvetja okkur til þess að fara að sjá alls konar sýningar sem varð til þess að ég hef mikinn áhuga á því að fara á allt sem ég get og hvað það gefur mér mikinn innblástur.



### **AF HVERJU DANS?**

Ég veit það nú ekki alveg. Ég hef stundað dans í 17 ár og er ennþá að velta því fyrir mér af hverju mér finnst þetta svona gaman og það áhugaverðasta við dansinn er að hann breytist alltaf fyrir mér, ég sé hann kannski sem eitthvað annað einn daginn og svo næsta er ég með eitthverjar allt aðrar þælingar þá varðar af hverju ég dansa eða snerti á dansi og hvert hlutverk mitt er sem dansari. Ég er mjög áhugasöm um ýmsar listgreinar en samt er dansinn alltaf eitthvern veginn mitt.

### **HVAÐ ERTU AÐ FARA AÐ GERA NÚNA EFTIR AÐ ÞÚ HEFUR ÚTSKRIFAST ÚR LHÍ?**

Ég vil leyfa því að koma sem kemur fyrir áframhaldið mitt sem dansari og listamaður. En ég byrja á því að fara í starfsnámi hjá Ásrúnu Magnúsdóttur. Ég vil bara taka eitt skref í einu og reyna að plana ekki of mikið fram í tímann og vera opin fyrir öllu mögulegu.

### **EINHVER RÁÐ FYRIR UNGA DANARA SEM STEFNA Á FREKARA NÁM Í DANSI?**

Ég myndi mæla með fyrir alla dansara/listamenn sem vilja fara í frekara dansnám að koma inn í nýtt nám með ferskan huga og hreinskilni. Það má líka EKKI gleyma að námið er gert fyrir nemandann og hann ræður því hvað hann vill taka inn í ferlið sitt og hvað ekki. Það má líka alltaf brjóta aðeins reglurnar til þess að móta sinn stíl og vinnubrögð.

## Á DÖFINNI

### NÝ NÁMSKEIÐ AÐ HEFJAST

#### DANSLEIKJANÁMSKEIÐ FYRIR 7-10 ÁRA

13.-16.júní, kl.9:00-16:00 á Eiðistorgi

#### SUMARNÁMSKEIÐ FYRIR 10-12 ÁRA

Ballett og nútímadans

20.-24.júní, kl.9:00-12:00 á Eiðistorgi.

#### SUMARNÁMSKEIÐ FYRIR 12-15 ÁRA

Ballett og nútímadans

13.-16.júní og 20.-24.júní, kl.10:00-14:00 á Grensásvegi 14.

### SKRÁNING FYRIR HAUSTÖNN HEFST 30.JÚNÍ

## SÝNINGAR OG VIÐBURÐIR FRAMUNDAN

### ÚTSKRIFTARSÝNING

#### FRAMHALDSBRAUTAR

16.júní

kl.18:00

Grensásvegi 14

Framhaldsbraut sýnir verk sem unnin voru í danssmíði í vetur.

#### DANCE WORLD CUP Á SPÁNI

25.júní - 2.júlí

Nemendur taka þátt í lokakeppni DWC á Spáni.

#### MINDFORMANCE

25.júní - 2.júlí

Nemendur á framhaldsbraut KLS fara til Danmerkur þar sem þeir vinna með ungum listamönnum frá Danmörku, Ítalíu og Norður Makedóníu

## MINNUM Á...

### BÚÐIN OKKAR

Í búðinni er hægt að kaupa upptökur og ljósmyndir frá sýningum Dansgarðsins-Óskanda og KLS. Það er líka hægt að fá boli og buff merkta skólunum og Dansgarðinum.

### INSTAGRAM OG FACEBOOK

Klassíski listdansskólinn, Óskandi og Forward eru öll á Instagram og Facebook, þar sem upplýsingar um viðburði og myndir eru settar inn reglulega. Skólarnir hafa líka verið að kynna fólkið í Dansgarðinum og setja inn fræðslu um ýmislegt tengt dansinum.



# GLEÐILEGT SUMAR!